

Mál nr. 113/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um gildissvið málskostnaðartryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.06. 2005, ásamt fylgiskjöllum (1 – 7).
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.07. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 376/2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta. Fram kemur í málskotinu að vátryggingafélagið hafni því að ágreiningur M við fasteignasöluna Bakka og hinn löggilta fasteignasala eigi undir málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar. Fram kemur að nú er fyrir dómi ágreiningsmál sem lýst er í gögnum máls þessa. Vátryggingafélagið hafnar því að ábyrgjast kostnað vegna málsins á grundvelli málskostnaðartryggingar. Félagið vísar til þess að M eigi í ágreiningsmáli við félagið. Viðkomandi fasteignasali er ábyrgðartryggður hjá félaginu. Félagið vísar til vátryggingaskilmála og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna. Það telur bótaskyldu ekki fyrir hendi.

M getur ekki fallist á sjónarmið félagsins, hann telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í málskotinu.

Álit.

Samkvæmt vátryggingaskilmálum bætir vátryggingin ekki málskostnað vátryggðs sé um að ræða ágreining við félagið. Nefndin telur að skýra verði umrætt ákvæði þröngt því gæta verður jafnræðis milli vátryggingataka félagsins eftir því sem unnt er. Telja verður að skýra verði ákvæðið á þann veg að um beinan ágreining þurfi að vera að ræða milli vátryggðs og félagsins sjálfs en að ákvæðið eigi ekki við þegar félagið er réttargæslustefndi líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu. Nefndin telur óeðilegt ef það að mótaaðili vátryggðs/M í þessu tilviki skuli vera með lögboðna starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu eigi að valda því að um undanskilda áhættu sé að ræða. Tilgangur þess ákvæðis sem hér um ræðir er sá, að því er telja verður, að koma í veg fyrir að félagið þurfi að greiða málskostnað í ágreiningsmáli sem það á beint í við viðskiptavin sinn þ.e. vátryggðan í þessu tilviki. Svo er ekki í því tilviki sem hér um ræðir.

Umrætt ákvæði skilmála er villandi og það verður því skýrt vátryggðum í hag.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda málskostnaðartryggingar fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda málskostnaðartryggingar er fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.